



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hamraborg 6-A, 200 Kópavogur
www.natkop.is

B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Kópavogi, 29.02.2016

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofu Kópavogs vegna tillögu til þingsályktunar um stofnun starfshóps til að vinna aðgerðaráætlun um viðbrögð gegn súrnun sjávar á norðurslóðum.

**Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum.
Þingskjal 160 — 160. mál.**

Þegar litið er til lengri tíma er fátt sem skiptir Íslendinga jafn miklu máli og loftslagsmálin. Losun gróðurhúsalofttegunda veldur hlýnun andrúmsloftsins sem aftur hefur áhrif á hafstrauma og sjávarhita við Ísland. Þá hefur orðið æ skýrara á undanförunum árum að binding koltvísýrings í hafi veldur súrnun sjávar, sem er ekki síðra áhyggjuefni. Hitabreytingar í hafi, möguleg tilfærsla straumakerfa og súrnun sjávar geta haft afgerandi áhrif á allt lífríki hafsvæðisins umhverfis Ísland og á Íslandi sjálfu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir þær tegundir sem þar lifa, þar með talið nytjastofna. Slíkar breytingar hafa bein efnahagsleg áhrif sem jafnframt eru ófyrirsjáanleg.

Stærstur hluti gróðurhúsalofttegunda sem til fellur hér á landi kemur frá iðnaðarframleiðslu og skipaumferð, en smærri hluti frá landbúnaði og almennri umferð. Mikilvægt er að þekkja og kortleggja þessar stærðir í tíma með það að markmiði að þróa leiðir til að draga úr losun. Það verður best gert með markvissri söfnun upplýsinga sem síðan er unnt að nýta til að koma hlutum til betri vegar. Þarna gæti verið góður möguleiki fyrir Ísland að leggja sitt lóð á vogarskálarnar gegn losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og því sem henni fylgir, eins og súrnun sjávar.

Í þessu ljósi ber að fagna fram kominni þingsályktunartillögu um stofnun aðgerðarhóps gegn súrnun sjávar á norðurslóðum. Slíkan hóp ber að skipa fagfólki og skal hann ævinlega sjálfstæður í störfum sínum og hafa óheftan aðgang að umbeðnum upplýsingum á hverjum tíma. Á yfirstandandi þingi er einnig komin fram þingsályktun um stofnun lofslagsráðs, mál nr. 131, sem er í eðli sínu starfshópur sem á að stýra viðbrögðum við hlýnun loftslags. Þar sem súrnun sjávar er nátengd losun gróðurhúsalofttegunda viljum við leggja ríka áherslu á samtengingu þessara tveggja tillagna. Við styðjum eindregið að lofslagsráð verði stofnað en það getur verið afar sterkur starfshópur um viðbrögð gegn súrnun sjávar. Gert skal ráð fyrir að í því sitji fagfólk, fulltrúar þeirra stofnana sem afla gagna sem nýst geta til að meta og fylgjast með ástandi þessara mála. Í þingsályktunartillögu nr. 131 er gert ráð fyrir að í lofslagsráðinu sitji fulltrúar allra helstu stofnana landsins eins og Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Hagstofu Íslands og Skipulagsstofnunar. Við gerum einnig tillögu um að bæta við mikilvægum stofnunum eins og Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og jafnvel fulltrúa frá Náttúrustofum landsins. Þá er bein aðkoma hagsmunaaðlila og frjálsra félagasamtaka afar æskileg.

Lofslagsmálin eru víðfeðm mál, ná ekki bara til loftslags og veðurbreytinga, þeim tengjast margir angar. Hér er um hnattrænt mál að ræða sem birst getur með mismunandi hætti eftir mismunandi

stöðum á jörðinni og á mismunandi tímum. Mikið upplýsingaflæði er tengt þessum málaflokki og ekki eru allir á einni skoðun um þessi mál. Mikilvægt er að réttar og áreiðanlegar upplýsingar séu grundvöllur ákvarðanatöku, ekki síst þegar viðamikil og flókin mál eru til umræðu og því er mikilvægt að til sé vettvangur sem hefur það markmið að fjalla um málið í sem víðustu samhengi. Einungis þannig er hægt að meta niðurstöður rannsókna og mælinga og taka ígrundaðar ákvarðanir um viðbrögð.

Eins og áður segir þá eru þessi mál afar tengd og því sendir Náttúrufræðistofa Kópavogs afar samhljóða athugasemdir við málin.

Virðingarfyllt
F.h. Náttúrufræðistofu Kópavogs

Finnur Ingimarsson
Forstöðumaður